


Niðurstöður hópumræðna á ráðstefnu Samtaka áhugafólks um skólaþróun og Félags um starfendarannsóknir um starfsþróun kennara í Menntaskólanum við Sund, 6. nóvember 2019

Í umræðunum var leitast við að svara fjórum spurningum: 1. Hver er staðan í starfsþróunarmálum kennara? 2. Hvaða leiðir eru vænlegastar til að efla starfsþróun kennara? 3. Hvaða ljón eru á veginum? Hvað hindrar? 4. Hvar liggja helstu sóknarfæri?

Unnið var eftir svokallaðri heimskaflaðferð, svör skráð á miða sem festir voru á spjald og þátttakendur færðu sig skipulega á milli hópa. Í lokaumferðinni voru þátttakendur beðnir um að koma sér saman um slagorð sem lýsti meginniðurstöðum.



Hér er haldið til haga helstu atriðum sem skráð voru:

1. Hver er staðan í starfsþróunarmálum kennara?

- Jákvæð þróun á undanförunum árum – meiri umræða og fleira í boði.
- Vantar heildarsýn yfir hvað er í boði.
- Kennarar mættu fá að velja meira í tengslum við starfsþróunarmál.
- Starfsþróunartilboð rekast á við kennslu.
- Tímaleysi.
- Erfitt að átta sig á framboði.
- Stundum of mikill kostnaður.
- Sums staðar er þekking innanhúss nýtt.
- Mismunandi eftir skólum og skólastigum.
- Hvatinn þarf að koma frá kennurum, en ekki að ofan. – Vinna út frá grasrótinni.
- Margt í boði en yfirsýn skortir. Og hvernig á að meta gæði þess sem er í boði?

- Skerpa þarf á hlutverkum – hver ber ábyrgð?
- Vantar sýn; skóla, sveitarfélags, ríkis?
- Meira í boði á frítíma kennara.
- Menntabúðir og jafningjafræðsla hefur verið mikil lyftistöng.

Slagorð: Fjölbreytni og gæði í fyrirrúmi.

2. Hvaða leiðir eru vænlegastar til að efla starfsþróun kennara?

Tveir hópar fjölluðu um þessa spurningu og niðurstöður settar hér saman.

- Búa til tíma og andrými. – Gefa kennurum tíma til ígrundunar. Fleiri tækifæri til að tala saman.
- Nota Twitter.
- Kennarar hafi val um endurmenntun sína.
- Til verði opin vefsíða um helstu endurmenntunarmöguleika.
- Persónulegur ávinningur.
- Treysta kennurum til að sinna starfi sínu.
- Að hafa fast skipulag utan um starfsþróun allt árið – og skapa sameiginlega sýn.
- Hvetja til starfendarannsókna. – Efla starfendarannsóknir. Nýta reynsluna úr Dalskóla („Dalskólalíkaníð“).
- Fjölbreytt framboð – sem tengist starfinu í skólastofnunum.
- Fastur tími á stundaskrá.
- Ígrundaða vorkundi til að varða leiðina.
- Leshringir.
- Þróunarverkefni.
- Fastir kennarafundir um starfsþróun.
- Skólaheimsóknir innan lands og utan.
- Skapa tækifæri til samtals milli skóla.
- Ytri hvatar skipta líka máli.
- Jákvætt viðhorf skólastjórnenda til starfsþróunar kennara. Efla traust milli kennara og stjórnenda. Efla stuðning.
- Aukin teymiskennsla.
- Aukin áhersla á að rýna í hvað það er sem brennur á kennurum og byggja starfsþróun á því.
- Minnka kröfu um yfirferð námsefnis.
- Skipuleggja tímann betur.
- Hafa fjölbreyttar leiðir – það hentar ekki öllum það sama.
- Auka samstarf háskólastofnana og skólanna.

Niðurstaða: Traust. Aðferð: Ígrundun – samræður – skipulag – jafnrétti.

Slagorð 1: Starfsþróun styrkir – stöðvum stöðnun.

Slagorð 2: Rými til sjálfsrýni og samráðs.

3. Hvaða ljón eru á veginum? Hvað hindrar?

Tveir hópar fjölluðu um þessa spurningu og niðurstöður settar hér saman.

- Hugarfarið:

- Skortur á skuldbindingu kennara við starfsþróun.
- Ef frumkvæði nemenda er drepíð.
- Það kemur hvort sem er ný námskrá, *til hvers?*
- Álag:
 - Mikið álag við „skylduverk“
 - Starfsþróun truflar undirbúning.
 - Tímaskortur.
 - Skipulag á vinnutíma.
- Áhugaleysi.
- Of stífar námsáætlanir.
- Vera opnari fyrir fjölbreyttum leiðum.
- Ófagglært fólk í kennslu skapar vandamál.
- Vöntun á svigrúmi fyrir stjórnendur.
- Vankunnátta kennara á möguleikum netsins til starfsþróunar.
- Stjórnendur ákveða hvað skal gera – boð að ofan. Of mikil miðstýring (á við grunnskólana).
- Skortur á skilningi stjórnenda.
- Of skipulagðir fundir - tímar sem fara í „kjaftæði“.
- Áhugaleysi stjórnenda.
- Að pína alla í sama málið – sömu endurmenntun.
- Starfsmannavelta – það er alltaf verið að byrja upp á nýtt.
- Ekki er skilgreindur tími til starfsþróunar.
- Kennarar á landsbyggðinni þurfa oft að sækja endurmenntun langt í burtu.
- Skortur á opinberri ábyrgð á símenntun.
- Skipulagsleysi.
- Skortur á yfirsýn.
- Þróa þarf kerfi afleysinga fyrir kennara sem eru að sækja sér endurmenntun.
- Heildstæðari sýn vantar. Hafa sameiginlega starfsdaga.
- Kostnaður er of mikill.
- Það sem er í boði er oft á kennslutíma.

Aðferð 1: Virk þátttaka allra til lengri tíma með leiðsögn / hlustun.

Aðferð 2: Að vera opin fyrir fjölbreyttum leiðum.

Slagorð 1: Hugsaðu málið – Hlutdeild og möguleikar – Hættu að mögla!

Slagorð 2: Fjölbreytni – Frelsi – Framtíðarsýn.

4. Hvar liggja helstu sóknarfæri?

- Gera þarf starfsþróun kennara hærra undir höfði.
- Muna að starfsþróun – kennaramenntun - er ævinám.
- Dýpka – gefa tíma: Gera kennurum kleift að vinna að starfendarannsóknnum á vinnutíma.
- Bæta skipulag.
- Efla faglega umræðu.
- Efla skilning á mikilvægi starfsþróunar – gera hana eftirsóknarverða.
- Starfsþróun verði hluti af menningu hvers skóla.
- Efla traust.
- Efla tengsl skóla við kennaramenntunarstofnanir.

Slagorð: Síung sjálfsrýni – Síung – vegna símenntunar – Sjálfsrýni til starfsþróunar – Síungur í starfendarannsóknunum – Starfsrýni til starfsþróunar – Síungur sökum starfsþróunar – Síungur í samtali – Samtal skapar starfsþróun – Starfsþróun með samtali.